

Grisjun ungskógar

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að gefa nemendum tækifæri til að kynnst vinnu í skógi og að meta gildi skógarins fyrir náttúru, mannlíf og menningu. Auk þess fá nemendur útiveru, samveru og hreyfingu. Verkefnið eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: Samþætting hönnunar og smíði, stærðfræði, náttúrufræði og lífsleikni.

Aldur: Miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

Verkefnið gengur út á að fækka trjám sem eru farin að vaxa saman og skemma hvert annað. Taka þarf ákvörðun um hvaða tré eigi að fella og hvaða tré eigi að standa til framtíðar.

Best er að horfa fyrst á heilbrigði trjáanna. Eru sár á stofni eða ítrekaðar kalskemmdir sem lýsa sér í margtoppa runnalaga tré? Síðan má skoða hvort ákveðnar tegundir séu í minnihluta og því ástæða til að halda frekar upp á þær tegundir sem lítið er af til að viðhalda fjölbreytni. Tré sem sækja í að skemma mikið út frá sér getur þurft að fjarlægja. T.d. getur eitt birki skemmt mörg grenitré með því að píska toppana. Ástæða er til að fjarlægja tré sem algjörlega hefur orðið undir í samkeppni um birtu og rými.

Um leið og grisjun fer fram í skógi sem einnig er notaður til útivistar og annarra verkefna þarf að koma grisjunarefninu fyrir þar sem minnst fer fyrir því og það verður ekki til trafala fyrir gangandi. Afklippur og greinar verða að næringu fyrir trén sem eftir standa.

Efni sem á að nota er tekið með til skólans eða safnað saman á einum stað. Nemendum má skipta í minni hópa, t.d. þannig að einn hópur klippi og hinn komi afklippum fyrir eða að tveir og tveir starfi saman og skiptist á að klippa.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Ef um margar tegundir er að ræða er rétt að fara yfir það með nemendum hvaða tegundir eru í skóginum. Til að auðvelda starfið má hugsa sér að undirbúa verkið með því að merkja fyrir fram hvað á að taka eða hvað á að standa. Samhliða grisjun er hentugt að vinna við snyrtingu á þeim trjám.

Greinaklippur og greinasagir. Fjöldi eftir þátttakendum.